

210626-1001 - Tilkynning vegna umsóknar í Barnamenningarsjóð 2021

Til : Ólöf Breiðfjörð
Frá : barnamenningarsjodur@rannis.is <barnamenningarsjodur@rannis.is>
Heiti : 210626-1001 - Tilkynning vegna umsóknar í Barnamenningarsjóð 2021
Málsnúmer : 2104077
Málsaðili : Garðabær
Skráð dags : 21.05.2021 13:54:55
Höfundur : barnamenningarsjodur@rannis.is <barnamenningarsjodur@rannis.is>
Viðhengi : [rannis_logo_pdf.png](#)

Barnamenningarsjóður

Umsækjandi: Garðabær
Heiti verkefnis: Við langeldinn / Við eldhúsborðið
Númer umsóknar: 210626-1001
Tengiliður: Ólöf Hulda Breiðfjörð

Reykjavík, 21.maí 2021.

Ágæti umsækjandi,

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, hefur samþykkt tillögu stjórnar Barnamenningarsjóðs um styrkúthlutun til 37 verkefna að heildarupphæð 90 milljónir króna. Alls bárust 113 umsóknir og sótt var um 374 milljónir króna í sjóðinn

Meðal umsókna sem hljóta stuðning í ár er umsókn þín fyrir verkefnið
Við langeldinn / Við eldhúsborðið sem hlýtur styrk að upphæð: 4.000.000 krónur

Tilkynnt verður um úthlutun úr sjóðnum við athöfn sem fram fer á degi barnsins, föstudaginn 28. maí nk. kl. 14, í Flóa á 1. hæð Hörpu. Er aðstandendum þeirra verkefna sem stuðning hljóta boðið til athafnarinnar.

Vegna sóttvarnareglna er þess óskað að mest fjórir gestir frá hverju verkefni verði viðstaddir athöfnina. Vegna sóttvarnareglna þarf að skrá hverjir mæta. Skráningarform fyrir gesti verður sent þriðjudaginn 25 maí. Gestir munu síðan fá nánari leiðbeiningar við komuna í Hörpu.

Þess er óskað að trúnaðar verði gætt um upplýsingarnar í bréfi þessu þar til að athöfnin hefur farið fram og upplýsingum um niðurstöðuna deilt á vefsíðu Rannis og til fjölmiðla.

Samningur vegna styrksins verður sendur í kjölfar þessa bréfs. Vinsamlegast skilið undirrituðu eintaki samnings til starfsmanns Rannís við athöfnina 28. maí ef mögulegt er.

Virðingarfyllst

Kolbrún Halldórsdóttir
formaður stjórnar Barnamenningarsjóðs Íslands

Umsýsluaðili Barnamenningarsjóðs Íslands fyrir hönd forsætisráðuneytis er Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís).
Starfsmenn sjóðsins: Ragnhildur Zoëga og Óskar Eggert Óskarsson
Rannsóknamiðstöð Íslands - Rannís
Sími: 515 5839
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
www.barnamenningarsjodur.is / www.rannis.is
Málsnúmer: 2104-0035